

LOKAÐ MEÐ BÓKUN

Málnr.: **2015-061-F-009**

Dags: **11. júní 2015**

Staður: **Hellisheiði**

Lýsing: **Aflmissir á flugi**

Um klukkan 14:30 var flugmaður ásamt farþega á fisi, TF-147 af gerðinni Skyranger V-Fun, á flugi yfir Hellisheiði þegar hreyfillinn missti afl. Flugmaðurinn og farþeginn voru á leið frá Vestmannaeyjum til flugvallar Fisfélags Reykjavíkur á Hólmsheiði. Flugmaðurinn hugðist reyna að svífa inn á flugvöllinn við Sandskeið, en þegar það gekk ekki sá hann




vegslóða/línuveg á vinstri hönd liggja frá Þjóðvegi 1. Flugmaðurinn beygði fisinu til vinstri og flaug undir rafmagnslínu til að nauðlenda fisinu á vegslóðanum. Í landingunni hafnaði fisið utan vegslóðans með brotinn vinstri hjólastellslegg. Fisið er búið tveimur 25 lítra eldsneytisgeymum, staðsettum fyrir aftan flugmanns- og farþegasætin. Rétt áður en



hreyfillinn missti afl hafði flugmaðurinn litið aftur og séð að lítið eldsneyti væri í hægri eldsneytisgeymi. Flugmaðurinn sá ekki eldsneytisstöðuna í vinstri eldsneytisgeymi sem var fyrir aftan hann.

Við rannsóknina kom í ljós að ekkert eldsneyti var eftir í vinstri eldsneytisgeyminum.



Fisið er búið tveimur eldsneytiskrönum þar sem hægt er að stilla „ON/OFF“ fyrir hvorn eldsneytisgeyminn. Báðir eldsneytiskranarnir voru stilltir á „ON“.

RNSA telur að þar sem að vinstri eldsneytiskraninn var enn stilltur á „ON“ þegar tankurinn tæmdist, hafi loft komist inn í

eldsneytisleiðslur til hreyfilsins og hann við það misst afl og hann stöðvast í kjölfarið.

Rannsóknarnefnd samgönguslysa lokaði málinu með bókun þann 31. desember 2015.